

## Rétt flokkun er mikilvæg

Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfiskvakningu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu.

Í Ísafjarðarbæ er tveggja tunnukerfi, þar sem endurvinnslutunna er við hvert hús ásamt tunnukerfi fyrir almennt sorp. Slíku kerfi er ætlað að auðvelda íbúum að taka þátt í umhverfsvæna samfélagi og að flokka sorp á sem þægilegastan hátt.

Á Ísafirði er söfnunarsvæði fyrir sorp og móttaka fyrir spilliefni staðsett við Funa í Engidal. Þar geta einstaklingar komið með allt endurvinnsluefni (gjaldfrjálst) sem og annað sorp sem ekki kemst fyrir í sorptunnum við heimili (gegn gjaldi).

Íbúar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri geta komið með endurvinnsluefni, spilliefni og annað sorp á móttökustöðvar þrisvar í viku yfir sumartímann og tvisvar í viku að vetri. Upplýsingar um þessar tímasetningar, sem og sorphirðudagatal fyrir bæði almennt og endurvinnanlegt sorp, má finna á heimasíðu Kubbs, [www.kubbur.is](http://www.kubbur.is), og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is).

*Information in english can be found on [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is), at the municipality office and in the towns swimming halls.*

*Broszura informacyjna w języku polskim dostępna jest w Urzędzie Gminy Isafjörður, stronie internetowej urzędu gminy, oraz na pływalniach gminnych.*

## Endurvinnslutunna




- Öll dagblöð/tímarit má setja laus í tunnuna
- Pappír (bæklinga, umslög og fjölpóst) má setja lausan í tunnuna
- Sléttan pappa/bylgjupappa (s.s. hreina pizzakassa og morgunkornspakka) má setja lausan í tunnuna
- Fernur (skolaðar og samanbrotnar) má setja lausar í tunnuna
- Málma (s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrukkum) má setja lausa í litla hólfið
- Allt umbúðaplast frá heimilum má setja í litla hólfið, þ.e.a.s. plastfilmu, -poka, -dósir, -brúsa, áleggsbréf og plast- og frauðplastbakka.
- Rafhlöður skal setja í poka í litla hólfið

## Almennt heimilissorp

Í almennu tunnuna má setja allan almennan heimilisúrgang, matarleifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast eða samsett- ar umbúðir. Einnig glerílát, ryksugupoka, bleiur og annan úrgang sem er ekki hægt að endurvinna. Almenna tunnuna verður losuð á tveggja vikna fresti.

Nauðsynlegt er að staðsetja tunnur sem næst lóðamörkum til að auðvelda vinnu sorp- hirðufólks. Mjög áriðandi er að moka snjó frá tunnuna að vetri og sjá til þess að greiðfær leið sé frá tunnustæði og alla leið upp á veg.

## Endurvinnsla



## Sorp sem passar ekki í tunnu

Í Funa getur fólk komið með allt endur- vinnsluefni og annað sorp sem ekki er hægt að setja í ruslatunnur við heimili.

Íbúar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri geta komið með endurvinnsluefni og annað sorp á móttökustöðvar. Áætlun söfnunarbíls er auglýst á Netinu þar sem einnig má finna gjaldskrá fyrir sorplosun.

Frekari upplýsingar má fá hjá starfsmön- num Kubbs í síma 456-4166, með tölvupósti á [kubbur@kubbur.is](mailto:kubbur@kubbur.is) eða í gegnum Facebook síðu fyrirtækisins.

## Spilliefni

Spilliefnum frá heimilum má skila á endur- vinnslustöð án greiðslu.



# Flokkum til fram tíðar

Upplýsingabæklingur fyrir  
sorphirðu og -flokkun í  
Ísafjarðarbæ

